

| | |
|---------------------|---|
| Mættir: | Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Flosi Eiríksson formaður skólanefndar, Magnea Lilly Friðgeirsdóttir, Pétur Magnús Birgisson, Theodór Bender, Guðbjörn Sigurmundsson fulltrúi kennara, Hrafn Ágúst Björnsson fulltrúi nemenda, Sigríður H. Hrafnkelsdóttir fulltrúi foreldra |
| Forfallaðir: | Anna María Bjarnadóttir, Steinþór Jónsson |
| Staður: | Skrifstofa MK |
| Tími: | Kl. 12:10-13:30 |
| Dags.: | 10. janúar 2018 |

| Nr. | Atriði | Ábyrgð | Tími |
|-----|---|--------|--------|
| | Flosi Eiríksson formaður skólanefndar setti fundinn kl. 12:10 og bauð sérstaklega velkomna fulltrúa nemenda og fulltrúa foreldra. | FE | 1 mín |
| 1. | <p>Margrét Friðriksdóttir skólameistari tók við orðinu og hóf umfjöllun um fjárlög 2018. Hún dreifði ljósriti með upplýsingum úr fjárlagafrumvarpinu. Á fyrstu blaðsíðunni benti Margrét á að í yfirliti yfir rekstrargrunn MK væri skólanum veittar 1.388,5 millj. kr. fyrir árið 2018. Af þeirri fjárhæð er þó gert ráð fyrir því að skólinn afli sjálfur tekna að fjárhæð 148,9 millj. kr. með svokölluðum sértækum tekjum. Sérstækar tekjur samanstanda mestmegnis af innheimtum skólagjöldum, Erasmus styrkjum o.þ.h. Raunverulegt framlag úr ríkissjóði nemur því 1.239,6 millj. kr. Á blaðsíðu tvö kemur fram að áætlaður fjöldi ársnema MK fyrir árið 2018 eru 961 talsins. Er því gert ráð fyrir fækkun ársnema um 51 frá árinu 2017. Hér ber að nefna að aðeins þeir nemendur sem skila fullum afköstum, þ.e. ljúka 34 einingum, teljast til ársnema. Ljúki nemandi færri en 34 einingum eða hætti í námi áður en önnin klárast þá telst viðkomandi ekki sem ársnemi og því fær MK ekki greitt úr ríkissjóði fyrir þann nemanda. Á blaðsíðu þrjú kemur fram að fjárlög til MK fyrir árið 2017 námu 1.350,8 millj. kr. og því er ljóst að ekki er um mikla hækkun að ræða milli ára. Á næsta fundi mun Margrét leggja fram bráðabirgða yfirlit yfir fjárhagsstöðu MK eins um hún var um áramótin 2017/2018 en áætlað er að ársreikningur fyrir árið 2017 verði tilbúinn í febrúar/mars. Það á eftir að bóka nokkra stóra reikninga en Margrét telur líklegt að staðan um áramótin endi lítillega í plús. Þá hóf Margrét umræðu um skólagjöld MK og byrjaði á því að dreifa bréfi frá Menntamálaráðuneytinu þess efnis að ríkisstjórnin hafi ákveðið að banna innheimtu ákvæðinna efnisgjalda af nemendum á framhaldsskólastigi. Mun þessi breyting einkum koma nemendum í verk- og starfsnámi til góða. Gjaldtökunni skal hætt frá og með áramótum 2017/2018. Margrét bendir á að innheimta fyrir vorönn fari fram í desember mánuði árið á undan og því séu nemendur þegar búnir að greiða umrætt efnisgjald fyrir vorönn 2018. Endurgreiðsla geti reynt erfið m.a. sökum þess að skólinn er ekki með reikningsupplýsingar nemenda. Ljóst er þó að Menntamálaráðuneytið á eftir að útfæra nánar hvernig þessi breyting skal fara fram og hefur þegar hafist handa við að afla upplýsinga frá framhaldsskólum um fjölda nemenda, fjárhæð efnisgjalds sem innheimt er per nemenda, á hvaða brautum efnisgjald er innheimt o.s.frv. Breytinguna á innheimtu efnisgjalda má rekja til þess að í b-lið 45. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla er kveðið svo á um að ekki skuli heimilt að innheimta efnisgjald af nemendum. Í kjölfar hrungsins var réttaráhrifum þessa ákvæðis frestað en þeirri frestun skal nú aflétt. Athuga ber að bann 45. gr. við innheimtu efnisgjalda er ekki afdráttarlaust heldur er heimilt að innheimta efnisgjald af nemendum fyrir efni sem skólinn lætur nemendum í té ef nemandinn hefur af því ávinning eða sérstök not. Gert er ráð fyrir frekari tilmælum frá ráðuneytinu um innheimtu efnistökgjalds og mun Margrét upplýsa skólanefnd um framvindu mála.</p> | MF | 14 mín |
| 2. | Ný skólanámskrá MK | FE | 5 mín. |
| | Flosi Eiríksson leggur til að ný skólanámskrá sé lögð fyrir skólanefnd til samþykktar að nýju vegna umræðu á fyrri fundi um gildi umboðs fyrri skólanefndar á þeim tíma sem námskráin var samþykkt síðastliðið vor. Var það og gert og er það hér með bókað að skólanámskrá MK, undirrituð í febrúar 2017 af skólameistara, var samþykkt einróma. | | |

| | | | |
|-----------|---|-----------|----------------|
| 3. | Innra starfsumhverfi í MK | MF | 10 mín. |
| | Margrét kynnti fyrir nefndarmönnum niðurstöður könnunar um stofnun ársins þar sem MK kom ekki nógu vel út. Í kjölfarið var gripið til þess að ráða vinnusálfræðing til þess að greina vandann og fór sú vinna fram á haustönn 2017. Greiningin fór þannig fram að 25 starfsmenn fóru í viðtal til sálfræðingins. Greiningin leiddi í ljós að það voru ýmsir þættir sem þarf að bæta s.s. félagsleg samskipti milli starfsmanna, stjórnunarhættir og ferli við ákvörðunartöku. Vinnusálfræðingurinn útbjó svo aðgerðaráætlun sem Margrét kynnti fyrir skólanefnd. Þegar hefur verið hafist handa við að framkvæma aðgerðaráætlunina og mun sú vinna halda áfram út vorönn 2018. Flosi Eiríksson spurði hvernig árangur þessara aðgerða verði mældur og svaraði Margrét því til að annars vegar myndi vinnusálfræðingurinn útbúa samantekt og hins vegar yrðu reglulega framkvæmdar stjórnendakannanir innan skólans. | | |
| 4. | Kjötiðnaðarnám í MK | MF | 10 mín. |
| | Margrét segir frá því að 11 nemar hafi hafið nám í kjötiðn nú í janúar sem er meira en nokkru sinni áður á starfstíð hennar. Lögð er fram spurning um það hvernig aldursdreifingin sé meðal nemendanna og telur Margrét að meðalaldurinn sé í kringum 30 ára. Flosi leggur til að nánari upplýsingar um nemendur í kjötiðnaðarnámi verði kynntar á næsta fundi skólanefndarinnar. Skólanefndin lýsir yfir mikilli ánægju með þáttökuna í kjötiðnaðarnámi. | | |
| 5. | Önnur mál | MF | 10 mín. |
| a. | Formaður nemendafélagsins | | |
| | Formaður nemendafélagsins sem jafnframt er fulltrúi nemenda á skólanefndarfundum sagði frá því hvað er á næsta leyti hjá nemendafélaginu. Annað ball annarinnar, Myrkramessan er framundan sem og Urpið. Urpið hefur hingað til verið haldið í Gamla bíó en í ár var tekin ákvörðun um að nýta frekar matsal MK fyrir viðburðinn og spara þar með fjármagn. Leikfélag MK stendur svo fyrir uppsetningu Hairspray síðar á önninni og stendur nú yfir leit að heppilegri staðsetningu fyrir sýninguna. | | |
| b. | Fulltrúi foreldraráðsins. | | |
| | Fulltrúi foreldraráðsins segir stuttlega frá starfi ráðsins. Meðlimir foreldraráðsins eru 3 og er stefnt að því að halda fyrsta fundinn 8. febrúar næstkomandi. Verður þar m.a. tekin fyrir skipulagning fyrir Myrkramessuna. | | |
| c. | Fulltrúi kennara | | |
| | Fulltrúi kennara sagði stuttlega frá stöðu kennara innan skólans. Kennurum er að fækka en þeir eru almennt ánægðir. Verið er að vinna með nýju námskrána og fylgir því mikið af nýjum áskorunum. | | |
| d. | Skólameistari | | |
| | Skólameistarinn sagði stuttlega frá skólastarfinu það sem af er ári. Skólastarfið er hafið en fækkun nemenda hefur gert vart við sig. Spurt var um hvort að fækkun nemenda gæti mögulega tengst auknum atvinnumöguleikum á tímum uppgangs í samfélaginu. Það var almennt tekið undir það af nefndarmönnum og tók formaður nemendafélagsins sem dæmi að hann þekkti til 10 einstaklinga sem sögðu sig úr námi við MK um jólin till þess að fara út á vinnumarkaðinn. | | |
| 6. | Skólameistari sleit fundi kl. 13:00 | | |

Fundarritari: Magnea Lillý Friðgeirsdóttir